

1949 til greiðsludags og kr. 385.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógætaréttar Reykjavíkur 21. okt. 1949.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Árni Halldórsson cand. jur. vegna Áka Jakobssonar hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt rskj. nr. 2 að upphæð kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1949 til greiðsludags, kr. 385.00 í málskostnað, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri og kveðst ekki greiða skuldina, en vísar á til fjárnáms bótaskurðarvél, sem er í bókbandsvinnustofu skólans að Grundarstíg 2, hér í bænum.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri vél til tryggingar framangreindri skuld, auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum rétti þriðja manns.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi fyrir mættum, að óheimilt væri að ráðstafa hinu fjárunumda þannig, að í bág brjóti við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Priðjudaginn 20. janúar 1953.

Kærumálið nr. 1/1953.

Jóhann Jóhannesson

gegn

**Brandi Brynjólfssyni og
Guðbjörgu Guðjónsdóttur.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Vitnaskylda lögmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. desember f. á., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 13. desember f. á., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljanum Guðbjörgu Guðjónsdóttur, en með úrskurði þessum voru andmæli vitnisins Brands Brynjólfssonar héraðsdómslögmanns gegn því að svara tilteknum vitnaspurningum tekin til greina. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að framangreindu vitni verði dæmt skylt að svara hinum tilgreindu

spurningum. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum að mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent Hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu.

Af gögnum máls þessa er ljóst, að varnaraðili, Brandur Brynjólfsson héraðsdómsslögmaður, var umboðsmaður varnaraðiljans Guðbjargar Guðjónsdóttur, er leigumáli sá var gerður, sem framangreint bæjarþingsmál er risið af, og að hann hafði milligöngu um að koma honum á. Ef staðhæfing sóknaraðilja um efni leigumálans er rétt, var hann stórfellt brot á þeim ákvæðum laga nr. 39/1943, er takmarka fjárhæð húsaleigu, og refsiverður samkvæmt 17. gr. þeirra laga. Spurningar þær, sem lagðar voru fyrir vitnið Brand Brynjólfsson, voru til þess ætlaðar að afla sannana fyrir staðhæfingum sóknaraðilja um leigumálann. Þar sem þær lúta samkvæmt framanskráðu að því að sanna, að gerningur, sem vitnið var milligöngumaður að, hafi verið alvarlegt og refsivert brot á framangreindum lögum, sem hefði getað varðað vitnið ábyrgð, verður því ekki dæmt skylt að svara þeim, sbr. 2. tölulið 125. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Þar sem varnaraðiljar hafa ekki krafizt kærumálskostnaðar, fellur hann niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. des. 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur Jóhann Jóhannesson bankamaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sátttaumleitan, með stefnu útgefinni 29. jan. þ. á. gegn Guðbjörgu Guðjónsdóttur, Reynimel 46, hér í bænum, til greiðslu skuldar vegna ofgreiddrar húsaleigu að fjárhæð kr. 30.500.00 með 6% ársvöxtum af kr. 27.000.00 frá 1. jan. 1948 til 1. jan. 1951 og af kr. 30.500.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavexti kveður stefnandi þá, að í árslok 1947 hafi hann tekið á leigu

íbúð í húsi stefndu nr. 46 við Reynimel fyrir milligöngu Brands Brynjólfssonar héraðsdómslögmanns, hér í bænum. Kveðst stefnandi fyrst hafa átt tvisvar viðræður um mál þessi við lögmanninn, sem var umboðsmaður stefndu. Við síðari viðræðurnar, sem hafi farið fram í skrifstofu lögmannsins, kveðst stefnandi hafa gert skriflegt leigutilboð. Hafi leigutíminn samkvæmt því átt að vera þrjú ár og leiga fyrir allt tímabilið kr. 36.000.00, en það hafi verið nokkru lægri fjárhæð en lögmaðurinn hafi talað um í upphafi. Af leigufjárhæðinni hafi kr. 27.000.00 átt að greiðast við undirskrift leigusamnings, en eftirstöðvarnar með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, hverri að fjárhæð kr. 250.00, til loka leigutímans. Hafi síðastnefnd leigufjárhæð verið jöfn leigumati húsaleigunefndar á íbúðinni að viðbættri þágildandi húsaleiguvísitölu. Hefur stefnandi lagt fram sem dskj. nr. 5 í máli þessu afrit af bréfi til nefnds lögmanns, sem hann kveður samhljóða hinu skriflega leigutilboði.

Stefnandi skýrir enn fremur svo frá, að nokkrum dögum eftir að hann gerði leigutilboðið hafi aðiljar hitzt í skrifstofu Brands Brynjólfssonar. Hafi þá tekizt samningar með aðiljum á grundvelli tilboðsins og stefnandi innt af hendi fyrirframgreiðslu í viðurvist lögmannsins. Jafnframt hafi aðiljar gert skriflegan leigusamning, þar sem húsaleigan hafi verið talin kr. 250.00 á mánuði. Hefur sá samningur verið lagður fram í málinu sem dskj. nr. 8. Mánaðargreiðslurnar hafi þó lækkað nokkru eftir að hann flutti í íbúðina vegna lögboðinnar 10% lækkunar á húsaleigu, en síðar hafi þær hækkað aftur. Í lok leigutímans sömdu aðiljar um framlengingu hans til 14. maí 1951. Kveðst stefnandi þá hafa greitt stefndu fyrirfram kr. 3500.00 upp í húsaleigu, auk þess sem hinar fyrri mánaðarleigu leigugreiðslur hafi haldizt. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til endurheimtu þeirra fjárhæða, sem hann telur sig hafa greitt stefndu fyrirfram upp í húsaleigu samkvæmt framansögðu, en þær nema samtals stefnukröfunni.

Stefnda hefur haldið því fram, að aðiljar hafi engan annan samning gert um framangreind viðskipti sín heldur en húsaleigusamninginn á dskj. 8, sem síðar hafi verið framlengdur óbreyttur til 14. maí 1951. Hefur stefnda synjað fyrir, að hún hafi fengið greiddar þær fjárhæðir, sem stefnandi krefst endurgreiðslu á. Kveður hún sér og ókunnugt um leigutilboð það, sem stefnandi telur sig hafa gert samkvæmt dskj. nr. 5.

Hinn 5. þ. m. kom Brandur Brynjólfsson fyrir dóm sem vitni í málinu. Skýrði hann þá svo frá, að leigusamningur aðilja hefði verið gerður með milligöngu hans. Lögmaður stefnanda beindi þá þeirri spurningu til vitnisins, hvort það hefði mótttekið bréf frá stefnanda samhljóða dskj. nr. 5. Ennfremur spurði hann vitni þetta að því, hvort því væri kunnugt um, að stefnandi hefði greitt stefndu kr. 27.000.00 fyrirfram í sambandi við leigumála aðilja og til viðbótar þeirri húsaleigu, sem greind væri á dskj. nr. 8. Vitnið neitaði að svara báðum framangreindum spurningum og taldi, að sér væri það óheimilt, þar eð það mundi með því skýra frá málefni, sem skjólstæðingur þess hefði trúað því fyrir í starfi þess. Lögmaður stefndu mótmælti og, að vitninu væri skylt að svara spurningum þessum. Lögðu aðiljar atriðið þá undir úrskurð.

Báðar framangreindar spurningar varða efni leigumála aðilja. Vitnið, sem er héraðsdómslögmaður, kom fram sem umboðsmaður stefndu við samningsgerð málsaðilja, og hefur vitnið fengið vitneskju sína um efni leigumálans í því starfi sínu sem lögfræðingur stefndu. Varða framangreindar spurningar því efni, sem vitnið er bundið þagnarskyldu um, og verður það því ekki skyldað til að svara þeim.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktun:

Vitninu Brandi Brynjólfssyni héraðsdómslögmanni er ekki skylt að svara framangreindum spurningum.

Þriðjudaginn 20. janúar 1953.

Kærumálið nr. 2/1953.

Helgi Benediktsson

gegn

Gunnari A. Pálssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumáli frestað sjálfkrafa.

Úrskurður Hæstaréttar

Með kæru 6. janúar 1953, er barst Hæstarétti 16. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 29. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið bæjarþingsmálinu til Hæstaréttar með stefnu 16. þ. m. til þingfestingar í aprílmánuði n. k. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framangreindu.
